

Saurbær.

( 3 )            Kjötfönn (ketfönn).Sú sögn er til um nafn hennar, að í þá tíð,er höfðingjar bjuggu í Saurbæ,hafi verið þar danskur bryti.Hafi hann geymt kjöt í fönninni,fryst það þar og síðan hagnýtt eftir þörfum. Fönnin hafi hlotið nafn sitt af því.

(Sögn Bjarna Þorvarðssonar,bónda á Bakka).